

# HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands

s. 474 1235, fax. 471 2971, netfang: [haust@haust.is](mailto:haust@haust.is)



4. desember 2017

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn

## Umsógn HAUST tillögu að deiliskipulagi fyrir Skjólshóla

Með bréfi dags. 28. nóvember 2017 óskar skipulagsstjóri Hornafjarðar eftir umsógn HAUST um deiliskipulagstillögu Skjólshólar í Hornafirði.

Í bréfinu var vísað til deiliskipulagsuppráttar með skýringum á heimasíðu sveitarfélagsins. Deiliskipulagstillagan er unnin af Ask arkitektum, ódagsett.

Í skipulagslýsingu er eftirfarandi texti:


**Neysluvatn verður fengið úr stofnæð sveitarfélagsins sem liggur í námunda við svæðið. Rotþró er hugsuð sem lífræn hreinsipró sem þarfnast ekki síubeðs (anerobix rotþró með síu) og hentar vel fyrir þá byggð sem hugsuð er á svæðinu.**

Í gögnum sem fyrirtækið Hvammshólar hefur sent HAUST er gerð grein fyrir áformum um hreinsivirki fráveitu. Þar er lýsing á fráveituvirkinu og í niðurlagi segir „Þar fyrir aftan kemur svo siturgangnabeð sem er þrep 3.“ Þ.e. í stað síubeðs (oftast kallað siturbeð) eru áform um sigurgangnabeð, sem tekur minna landrými en siturbeð, en er ígildi þess.

Á skipulagsuppráttinn er afmarkað svæði merkt rotþró, áhaldaskúr og sorp. Gert er ráð fyrir að þarna verði sorpgámar eða –biður fyrir úrgang.

Annars eru af hálfu HAUST ekki aths. eða ábendingar.

Virðingarfyllst, f.h.  
Heilbrigðisnefndar Austurlands



Sent í tölvupósti til [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is)

Austurvegur 20  
730 Reyðarfjörður

Tjarnarbraut 39b  
700 Egilsstaðir

Ásvegur 31  
760 Breiðdalsvík

Hafnarbraut 27  
780 Höfn